



Alþingi
Viðskiptanefnd
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 26. maí 2010

Efni: Frumvarp til laga um hlutafélög (gegnisæ hlutafélög) 499. mál.

Samtök atvinnulífsins (SA) hafa fengið til umsagnar ofangreint frumvarp.

Samtök atvinnulífsins taka undir það sjónarmið frumvarpsins að dulið eignarhald og flókið gagnkvæmt eignarhald hafi verið vandamál í íslensku viðskiptalífi og að nauðsynlegt sé að endurreisa traust á hlutafélögum og viðskiptum með hluti.

Sú leið sem frumvarpið boðar til breytinga á ofangreindu ástandi með stofnun nýrrar tegundar hlutafélaga, gegnsærra hlutafélaga er þó að mati SA ekki heppilegasta leiðin að takmarkinu. Með þessu nýju hlutafélagiformi sem yrði séríslenskt hlutafélagiform sem ekki þekkist erlendis er hætt við að tortryggni erlendra aðila á íslenskum félögum myndi aukast en ekki minnka. Um leið myndi stofnun nýs félagiforms ekki hafa nein áhrif á gagnsæi eignarhalds í öllum þeim hlutafélögum sem starfandi eru í dag hér á landi.

Í mars sl. voru mikilvæg skref stigin í átt að auknu gegnsæi með breytingum á lögum um hlutafélög og einkahlutafélög með lögum nr. 13/2010. Þannig er nú kveðið á um í þessum lagabálkum að stjórn skuli gæta þess að hlutaskrá geymi réttar upplýsingar á hverjum tíma og að í hana skulu færðar upplýsingar um atkvæðisrétt hluthafa og skuli þar gæta allra þeirra samstæðutengsla sem hlutafélagið er í. Þá skal félagsstjórn sömuleiðis gera stutta samantekt og leggja fyrir aðalfund um hlutafjáreign einstakra hluthafa og rétt þeirra til að greiða atkvæði svo og um þær breytingar sem orðið hafa á árinu og skulu sambærilegar upplýsingar liggja fyrir um þau samstæðutengsl sem hlutafélagið er í.

Samtök atvinnulífsins studdu ofangreindar breytingar á hlutafélagalöggjöfnni.

Að mati samtakanna kemur frekar til álita að halda áfram á þeirri braut sem mörkuð var með lögum 13/2010 en að búa til nýtt félagiform um gegnsæ hlutafélög eins og lagt er til í frumvarpinu.

Þá væri hægt að gera endurbætur á núgildandi lögum um hlutafélög með því að bæta við lögum ákvæðum um aukið gagnsæi í eignarhaldi s.s. með því að kveða á um að hlutaskrá hlutafélaga skuli opin öllum sem vilja kynna sér efni hennar. Slík ákvæði eru nú þegar í hlutafélagalöggjöf bæði Noregs og Svíþjóðar og hafa verið til margra ára svo einhverjar fyrirmyndir séu nefndar. Þá væri einnig hægt að kveða á um að ef eignarhald væri í höndum lögaðila yrði hlutaskrá félagsins að geta einnig um stærsta



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

eiganda félagsins og fyrirsvarsmanns hans en með því væri erfiðara að fela eignarhald í gegnum eignarhaldsfélög í ríkjum þar sem hlutaskrá er ekki opinber.

Virðingarfyllt,
f.h. Samtaka atvinnulífsins

Guðrún Björk Bjarnadóttir hdl.

